



Borgarráð

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

***Umsögn um tillögu á notkunarskilmálum Frístundakortsins - tilv. R19010423***

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsfundaráði 11. mars sl. var lagt fram að nýju bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 5. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um útvíkkun á notendaskilmálum Frístundakortsins sem lögð var fram á fundi borgarráðs 31. janúar 2019 og er svo hljóðandi:

"Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins að börn geti nýtt frístundakort borgarinnar til kaupa á sundkort. Mikilvægt er að víkka út notkunarmöguleika frístundakortsins þar sem aðeins 70 til 80% barna er að nýta frístundakortin sín, þó eitthvað misjafnt eftir hverfum. Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst að kortið eigi ekki einungis að dekkja frístund heldur tómsfundir og hreyfingu eins og t.d. almennar sundferðir. Markmið borgarinnar ætti að vera að öll börn í Reykjavík nýti frístundakortið sitt til að iðka íþróttir, tómsfundir eða til að sinna almennri hreyfingu í frítíma sínum. Til að þetta megi verða er mikilvægt að víkka út notendaskilyrðin og taka allt sem vitað er að geri börnum gott andlega og líkamlega inn í notkunarskilgreininguna. Þessi tillaga er liður í því."

Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð leggur fram eftirfarandi umsögn:

Með hliðsjón af markmiðum frístundakortsins mælir menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð ekki með því að reglunum um notkun kortsins verði breytt þannig að hægt verði nýta það til að kaupa niðurgreidd sundkort fyrir börn. Fulltrúar í menningar-, íþróttá- og tómsfundarráði leggja þó áherslu á að frístundakortið eigi að ná til eins fjölbreyttrar gerðar skipulagðrar frístundastarfsemi og kostur er og eru opnir fyrir ábendingum um leiðir til að tryggja að svo verði. Eigi hins vegar að nýta kortið til að greiða staka afþreyingu yrði rökrétt skref að slíkt myndi ekki einskorðast við niðurgreidda sundstaði á vegum borgarinnar, heldur myndi gilda einnig miða á skíðasvæði, söfn, leiksýningar, bíó og svo framvegis. Ekki er talið tímabært að stíga þau skref að svo stöddu, án frekari umræðu um markmið og hlutverk frístundakortsins.

  
Omar Einarsson,

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra dags. 6. mars 2019

*Minnisblað*  
*6. mars 2019*

### **Útvíkkun á notkunarskilyrðum Frístundakortsins - tilv. R19010423**

ÍTR hefur borist bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 5. feb. sl. þar sem óskað er eftir umsögn um eftirfarandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins, á fundi borgarráðs 31. janúar 2019, um útvíkkun á notkunarskilyrðum Frístundakortsins:

"Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins að börn geti nýtt frístundakort borgarinnar til kaupa á sundkorti. Mikilvægt er að víkka út notkunarmöguleika frístundakortsins þar sem aðeins 70-80% barna er að nýta frístundakortin sín, þó eitthvað misjafnt eftir hverfum. Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst að kortið eigi ekki einungis að dekkja frístund heldur tómsundur og hreyfingu eins og t.d. almennar sundferðir. Markmið borgarinnar ætti að vera að öll börn í Reykjavík nýti frístundakortið sitt til að iðka íþróttir, tómsundur eða til að sinna almennri hreyfingu í frítíma sínum. Til að þetta megi verða er mikilvægt að víkka út notendaskilyrðin og taka allt sem vitað er að geri börnum gott andlega og líkamlega inn í notkunarskilgreininguna. Þessi tillaga er liður í því."

#### **Hvað er Frístundakort**

Frístundakort er styrkur frá Reykjavíkurborg til barna á aldrinum 6-18 ára. Það er hægt að nota Frístundakortið til að borga fyrir þátttöku í íþróttum, listum og tómsundum.

Það er bara hægt að nota Frístundakortið hjá félögum og samtökum í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Sérstakur reglur gilda um Frístundakortið, voru síðast endurskoðaðar 2016 og tóku gildi 2017. Menningar-, íþrótt- og tómsundaráð setur reglurnar.

#### **Af hverju Frístundakort?**

Markmið Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík geti tekið þátt í frístundastarfi. Félagslegar aðstæður og efnahagur eiga ekki að skipta máli.

#### **Hvaða námskeið eru styrkt af Frístundakorti?**

Félagið sem er með námskeiðið þarf að vera með samning við Reykjavíkurborg.

Námskeið þarf að vera að minnsta kosti 10 vikur.

Kennarinn eða leiðbeinandinn þarf að vera með menntun í því sem er kennt á námskeiðinu og eldri en 18 ára.

Húsnæði þar sem námskeið fer fram þarf að vera með rekstarleyfi.

#### **Hvaða reglur gilda um Frístundakort?**

Frístundakortið er 50.000 króna styrkur fyrir hvert barn á árinu 2019.

Það er hægt að skipta styrknum á frístundakortinu milli félaga og tímabila.

**Dæmi:** Ef notaðar eru 20.000 krónur af Frístundakortinu til að borga fyrir fótboltnámskeið í janúar þá má nota 30.000 krónur til að borga fyrir námskeið í myndlist í september.

Hvert Frístundakort gildir frá 1. janúar til 31. desember. Ef Frístundakortið er ekki notað á þessum tíma þá er ekki hægt að nota kortið seinna.

Barn fær Frístundakort 1. janúar sama ár og barnið verður 6 ára.

Frístundakort fellur niður 31. desember sama ár og barnið verður 18 ára. Systkini geta aldrei notað sama Frístundakortið

Frístundakortinu er ætlað að tryggja eftir föngum að iðkendur tengist félagslegu umhverfi í sínum jafningjahópi yfir ákveðinn lágmarkstíma. Reglubundin þátttaka í skipulegu frístundastarfi leiðir til þess að iðkendur temji sér lífstíl þar sem slík þátttaka væri sjálfsagður og eðlilegur hluti af daglegu lífi. Af þessari ástæðu styrkir Frístundakortið ekki kaup á árskortum eða öðrum tímabilakortum þar sem þar er ekki um skipulagt frístundastarf að ræða undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara.

Nokkur umræða hefur verið hvort mögulegt væri að nota Frístundakortið til að greiða styrki til efnalítilla fjölskyldna vegna frístunda barna. Slíkt kerfi yrði afar flókið í framkvæmd og yrði í öllum tilfellum að byggja á mati sem fram færi á þjónustumiðstöðvum. Þar fer fram mat á aðstæðum fólks með tilliti til framfærslu. Vakin skal athygli á því að börn í slíkum aðstæðum njóta verulega hærri stuðnings samkvæmt 16 grein reglna Velferðarsviðs um fjárhagsaðstoð en frá Frístundakortinu. [https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur\\_um\\_fjarhagsadstod\\_-\\_31.5.2018.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_um_fjarhagsadstod_-_31.5.2018.pdf)

Frístundakortskerfið hefur gengið vel og er að mestu í samræmi við upphaflega áætlun að því undanskildu að frístundaheimili og skólalúðrasveitir fengu aðild 2008. Heldur fleiri nýttu styrkinn en gert var ráð fyrir í upphafi og fram til ársins 2013 fór Frístundakortið árlega fram úr fjárheimildum. Vegna þessa voru framlög til Frístundakortsins hækkuð til samræmis við aukna nýtingu og hefur áætlun haldist á árunum 2014-2017 en nýting heldur áfram að aukast og fór Frístundakortið aftur fram úr áætlunum árið 2018.

Markvissar kynningar hafa verið á vefnum, á starfsstöðum Reykjavíkurborgar, í fjölmiðlum, í hverfisblöðum, með markpósti og með dreifingu upplýsingaefnis á heimili í borginni. Sérstakt átak hefur verið til að kynna Frístundakortið meðal innflytjenda. Frístundakortið hefur frá upphafi verið sérstaklega auðkennt á vef borgarinnar og einnig á vefsíðum flestra aðildarfélaganna. Námskeið hafa verið haldin á vegum ÍTR fyrir starfsfólk á þjónustumiðstöðvum VEL sem samskipti hefur við innflytjendur og fjölskyldufólk í félagslegum og/eða fjárhagslegum vanda. Einnig er unnið að „andlitslyftingu“ á kynningarefni Frístundakortsins.

Frístundakortið í Reykjavík er án efa umfangsmesta kerfi af þessum toga sem starfrækt er í dag. Ekki verður annað séð en að upphafleg markmið hafi gengið eftir varðandi meiri félagslega virkni barna, aukinn jöfnuð í aðgengi að frístundastarfi, meiri fjölbreytni, aðhald í gjaldskrármálum og aukin fagleg gæði.

Frístundakortið hefur vakið töluverða athygli erlendis, m.a. meðal vinaborga Reykjavíkur. Í finnskri skýrslu, Promoting Children's Welfare in the Nordic Countries (2008), var Frístundakortið valið eitt af 4 fyrirmyndarverkefnum (best practise) á Norðurlöndum um nýmæli varðandi velferð barna Sjá vefslóð: <http://www.stm.fi/en/publications/publication/julkaisu/1071657> . Nokkur sveitarfélög á hinum Norðurlöndunum hafa tekið upp rafræn kerfi vegna styrkja af þessu tagi Sjá dæmi á vefslóð: <http://www.jarfalla.se/download/18.7c5a246d13b99708ae3800017514/09b+Peng-checkutredningen+version+130204.pdf> og nú ætlar Noregur á landsvísu að innleiða kerfið að íslenskri fyrirmynd.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir 728 mkr. í greiðslu vegna Frístundakortsins og gerir áætlun ráð fyrir 75.4% nýtingu.

Nýting varð 75% árið 2018 og fór kostnaður við Frístundakortið 14.5 mkr. fram úr fjárhagsáætlun.

Því er ekki um það að ræða að neinar fjárveitingar vegna Frístundakortsins séu ónotaðar. Ef tekið er mið að nýtingu miðað við einstaklinga þá varð nýting um 83% 2018.

Gjaldskrá í sundlaugar borginnar í ár fyrir börn er nú þannig:

Börn 0-5 ára	frír aðgangur
Börn 6-17 ára	160 kr. stakt gjald
Börn 10 miðar	1.030 kr.
Börn 6 mánaða kort	6.600 kr.
Börn árskort	10.600 kr.



Omar Einarsson.